



Anna Ólafsdóttir
Námskráfræði
Haust 2005

Aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrá VMA

Tryggvi R. Jónsson

| | |
|------------------------------------|----|
| <i>Aðalnámsskrá framhaldsskóla</i> | 3 |
| Viðhorf til menntunar | 3 |
| Áherslur – nemandinn | 3 |
| Áherslur – kennsluhættir | 4 |
| Áherslur – tengsl við foreldra | 4 |
| Jafnrétti | 5 |
| Vankantar | 6 |
| <i>Skólanámsskrá</i> | 7 |
| Stefna, framtíðarsýn | 7 |
| Viðhorf til menntunar | 8 |
| Vankantar | 8 |
| <i>Samantekt</i> | 9 |
| <i>Heimildaskrá</i> | 10 |

Í þessu verkefni er fyrirhugað að fjalla um almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla í þeirri útgáfu sem er í gildi við gerð þessa verkefnis. Athuguð verða hvaða viðhorf koma fram í námskránni til nokkurra atriða og vankantar kannaðir. Auk þess verður skoðuð skólanámskrá eins framhaldsskóla, Verkmenntaskólans á Akureyri.

Aðalnámsskrá framhaldsskóla

Aðalnámsskráin lýsir þeim meginmarkmiðum og leiðum sem ætlast er til að framhaldsskólar á Íslandi starfi eftir. Í raun hefur aðalnámsskráin hlutverk reglugerðar sem er útgefin af Menntamálaráðuneytinu. Aðalnámsskráin (Menntamálaráðuneytið, 2004) tekur meðal annars á hlutverki, markmiðum, uppbyggingu náms, réttindum og skyldum, mati á skólastarfi svo eitthvað sé nefnt.

Viðhorf til menntunar

Viðhorfin til menntunar sem endurspeglast í aðalnámsskránni eru mjög víðtæk og gera kröfur til þroska á flestum sviðum sem tengjast nemandanum, skólanum og kennsluháttum. Menntun á framhaldskólastigi á að henta öllum, óháð undirbúningi, þroska, áhugamálum og námsgetu. Menntun á framhaldsskólastigi á jafnframt að skila fólki góðum undirbúningi undir áframhaldandi nám jafnt og líf og störf í samfélaginu. Í námsleiðakafla almenna kaflann er þó meiri áhersla á áframhaldandi nám.

Markmiðin eiga að snerta allar námsgreinar en augljóstlega eru mörg þeirra til dæmis að rækta gagnrýna hugsun ekki tengd við neina eina grein. Lífsleikni er sérstaklega nefnd sem sú grein sem á að grípa það sem ekki passar inn í aðrar greinar. Einnig er vísað sérstaklega í skólanámskrá hvað varðar þau markmið sem eru ekki klárlega tengd námsgreinunum og markmiðum þeirra.

Áherslur – nemandinn

Nemandanum er ætlað mikið í að bæta við sig menntun, margskonar þekkingu og færni samkvæmt námskránni. Nemendur eiga að eiga jafnan aðgang og framgöngu í framhaldsskóla óháð kyni, bakgrunni, fötlun og svo framvegis. Ætlast er til þess að skólar geri nemendur virka í námi sínu og veki áhuga þeirra. Nemendur eru því ekki lengur óvirkir gagnvart náminu sínu heldur eiga að vera að takast á við það af áhuga og leggja sitt af mörkum til þess.

Hinn óvirki nemandi sem situr í fyrirlestrum passar einhvern veginn ekki inn í þessa mynd sem dreginn er upp í aðalnámsskrá. Það þarf að auka færni í fleiri hlutum

en því að sitja kyrr og hlusta þó svo að það séu eiginleikar sem eru mjög nauðsynlegir og allir þurfi að búa yfir. Helst áður en þeir komast á framhaldsskólaaldur.

Áherslur – kennsluhættir

Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir, sveigjanlegir og í samræmi við skólastefnu hvers skóla. Leitast skal við samkvæmt námskrá að nýta upplýsingatækni í kennslu í sem flestum greinum. Miðað við þau fjölbreyttu markmið sem eru sett varðandi menntun og nemendur er ljóst að það þarf að beita mjög fjölbreyttum aðferðum til að ná þessum markmiðum með mismunandi einstaklinga í nemendahópnum.

Það viðhorf virðist vera ráðandi í námsskránni að kennsluhættir skulu vera miðaðir út frá einstaklingum. Þó kemur hvergi fram að kennsla eigi að vera einstaklingsmiðuð. Aðeins er minnst á einstaklingsmiðað nám í umræðu um fjarnám sem talið er vera einstaklingsmiðað þar sem nemandi getur stundað námið óháð stað og tíma. Viss einstaklingsmiðun virðist samt vera nauðsynleg út frá þeim forsendum að námið eigi að skila öllum árangri. Kennsluhættir eiga það þó samt til að vera námsgreinamiðaðir á framhaldsskólastigi eða jafnvel kennaramiðaðir frekar en nemendamiðaðir. Slíkt fer þó ágætlega saman við orð aðalnámskrár þó svo það sé umdeilanlegt hversu miklu árangri það skili fyrir nemendur.

Áherslur – tengsl við foreldra

Þar sem hluti nemenda á framhaldsskóla aldri er ekki sjálfráða er kveðið á um samskipti og samvinnu við foreldra. Skólar skulu kynna starfssemi sína fyrir foreldrum eins og kostur er. Skólum ber að veita foreldrum/forráðamönnum upplýsingar um námsframvindu og annað sem snertir nemandann fram að sjálfræðisaldri. Eftir þann aldur er skólum ekki heimilt að veita foreldrum upplýsingar um mál hans nema fyrirliggi skriflegt umboð nemandans.

Aðalnámskrá kveður á um samvinnu heimilis og skóla þar sem það á við. Það er mikilvægt að skólum og heimilum sé ljóst að ábyrgð gagnvart nemandanum fram að sjálfræðisaldri er ekki tvö aðskilin mengi, annað fyrir skóla og hitt fyrir heimili. Skörun er talsverð þar á milli og nauðsynlegt að upplýsingaflæði og samvinna sé góð á milli þessara hagsmunaaðila. Sjá má þróun í þessa átt til dæmis með aukinni innkomu skólanna í hollustu og matarmál með aukinni útbreiðslu mötuneyta í grunnskólum.

Þetta skapar ákveðinn vanda í skólum eins og framhaldsskólarnir eru þar sem nemendur eru bæði sjálfráða og ekki. Deila má um hversu mikla áherslu skólinn á að

leggja í kynningarstarfið gagnvart foreldrum nemenda sem hafa náð sjálfræðisaldri. Það skapar í raun nokkur vandamál fyrir skóla að þurfa að meðhöndla þessa tvo hópa með mismunandi hætti. Eiga til dæmis foreldrafélög að vera fyrir alla foreldra eða er krafan bara að þau nái til foreldra yngri nemenda? Í hinn bóginn hafa foreldrar eldri nemenda þá nokkurn rétt til að taka þátt í slíku starfi og á þann hátt tala fyrir hönd sjálfráða einstaklinga?

Jafnrétti

Jafnrétti í mörgum mismunandi myndum kemur fram í aðalnámskrá framhaldsskóla. Sérstaklega er talað um jafnrétti kynjanna en auk þess er kveðið á um jafnrétti á grundvelli búsetu, kynþáttar, fötlunar og fleiri þátta. Einnig skal taka tillit til áhugamála og getu. Það má því segja að framhaldsskóli skuli vera fyrir alla.

Í raun hefur mikið verið lagt út frá jafnrétti til náms út frá kyni og fötlun í gegnum tíðina og hafa skólar og fræðimenn tekið á því efni á margan hátt. Meðan verið var að samþætta fatlaða einstaklinga inn í almennt nám var verið að skipta árgöngum í tilraunaskyni eftir kyni, hve undarlega sem þetta tvennt kann að hljóma sett hlið við hlið. Jafnrétti þarf ekki endilega að þýða að eitt þurfi yfir alla að ganga. Mikilvægast er að einstaklingar hafi jöfn tækifæri og að það sé ekki fordómar eða hindranir í skólakerfinu sem hamla ákveðnum hópum. Einnig þarf að taka tillit til þess að hópar hafa mismunandi gildi og þarf því oft á tíðum að meðhöndla þá með mismunandi aðferðum. Þessi mismunandi gildi á ekki að reyna að bæla niður heldur leyfa hverjum að njóta sín á eigin forsendum. Ef til að mynda allir strákar vildu fara í verknám í framhaldsskóla meðan stelpur vildu eingöngu sækja í bóknám og svo áframhaldandi háskólanám væri ekki rétt að setja kynjakvóta á þessar námsleiðis til að þvinga einhverja nemendur til náms sem þeir hafa ekki áhuga eða vilja til að stunda.

Það sem hefur einnig verið að gerast er að mismunandi geta og áhugasvið hafa fengið auka athygli. Telja má líklegt að innreið hugmynda eins og fjórðungakerfisins (*4mat system*), tilfinningagreindar (*emotional intelligence*) og fjölgreindar (*multiple intelligence*) séu leiðir til að mæta mismunandi áhuga og getu nemenda. Hvort svo að þær hugmyndir hafi náð fótfestu í kennsluháttum, vali á efni og þá sérstaklega námsmati í framhaldsskólum á Íslandi skal látið ósagt. Það er þó mikilvægt að halda þessum hlutum á lofti en ekki er rétt að yfirgefa gömul og reynd gildi fyrir ný án þess að skoða málið vandlega frá öllum hliðum.

Vankantar

Þegar skjal eins og aðalnámskrá er skoðuð er margt sem kemur upp í hugann. Eru markmiðin endilega þau réttu? Eru þau óskýr og háskemmd? Eru þau til skrauts í ræðum stjórnámálanna eða raunverulegt leiðarljós og gildi fyrir skólakerfið?

Deilt er um hvort miðstýring af þessu tagi sé heppileg fyrir skólakerfi sem þarf að vera í mikilli þróun. Ef endurskoða þarf aðalnámskrá á fárra ára fresti hvort sem það er vegna aðstæðna í þjóðfélaginu eða pólitískra aðstæðna skapar það umhverfi sem gerir skólum erfitt fyrir að þróast sjálfstætt og á eigin forsendum.

Eitt af því sem virðist vera lítið fjallað um í námskrár er hvaða skilningur er lagður í orðið árangur. Mati á árangri nemenda er í raun mjög þröngur stakkur sniðinn. Einkunn skal vera á bilinu frá einn til tíu og markast af því hve mörg prósent af markmiðum nemandi nær að uppfylla (Menntamálaráðuneytið, 2004). Ef mat gagnvart hinum almenna nemanda miðast við þessi skilyrði og lögð eru til grundvallar þau áfangamarkmið sem eru í hverjum áfanga þá er námsmatið ekki að ná til nema brots af þeim markmiðum sem sett eru. Þau markmið sem mælast ekki eru af mörgum toga og tengjast þá helst viðhorfum, leikni og tilfinningum frekar en þekkingu. Nýju nálganirnar á færni, svo sem tilfinningagreind, passa ekki vel inn í það námsmatskerfi sem flestir eru vanir og mest er notað. Það er því hættu á að markmið um jafnrétti á grundvelli getu hvort heldur sem verið er að tala um mismikið magn getu eða mismunandi tegundir getu verið erfiðar í mælingum. Þetta er samt skemmtileg áskorun til kennara sem er gaman að sjá hvernig sumir eru að bregðast við. Það er ekki útilokað að koma fjölbreyttara mati til skila á bilinu einn til tíu. Það gæti þó orðið til þess að einkunnagjöf þarf að vera skýrari og kennari þurfi að leggja fram meiri upplýsingar en áður um hvernig hann metur verkefni og frammistöðu á þessum kvarða.

Gagnvart skólum er árangur aðeins betur skilgreindur. Með kröfu um sjálfsmat er kveðið á um að skólinn meti starf sitt út frá þeim markmiðum sem hann setur sér. Sjálfsmatið gefur talsvert meiri möguleika en markmiðahlutfalls kvarðinn á bilinu einn til tíu sem námsmat nemenda er bundið við. Þar er til dæmis hægt að greina í sundur árangur eftir því hvort skólinn ætli sér að undirbúa nemendur fyrir frekara nám á háskólastigi eða hvort hann sé að útskrifa nemendur af verknámsbrautum til að taka virkan þátt í atvinnulífinu strax að lokinni útskrift. Það er eitthvað sem nemendur hafa ekki möguleika á. Það er notað sama mælistikann á alla hvaða markmið sem eru með menntuninni í þeim fögum sem eru sameiginleg með bóknámi og verknámi, það er

aðallega grunnáfangar í kjarnafögum eins og stærðfræði, íslensku og svo framvegis. Kannski er skref í rétta átt að taka upp heilstætt námsmat sem tekur á veikleikum og styrkleikum hvers nemanda og lítur á einstaklinginn sem heild en ekki ótengdar tölur á blaði um hlutfall náðra markmiða í einstökum fögum. Slíkt mat gæti hjálað nemendum að vinna í námsferli sínum sem heildarferli en ekki sem bútum héðan og þaðan.

Annað sem mætti telja til skorts í aðalnámskránni er að ákveðinn markmið virðast gleymast. Skólum er þó gefið svigrúm til að setja sér markmið með skólanámskrárgerð. Í almenna hlutanum er talið um markmið af ýmsum toga. Í byrjun kaflans um uppbyggingu náms (Menntamálaráðuneytið, 2004) segir: „Stefnt er að því að undirbúningur nemenda til áframhaldandi náms verði sem bestur“ (bls 11). Það má álykta að þessi umgjörði setji áhersluna á þau markmið sem tengjast þekkingu og færni sem mun nýtast í frekara námi. Það skapar þá hættu að öll hin markmiðin sem sett eru fram í aðalnámskrá og ekki má tengja við námsfögin sjálf sitji á hakanum. Þar sem þau markmið sem sett eru í forgang taka allan þann tíma sem til boða stendur og stundum vel það. Það er má einnig ætla að þau markmið sem eru auðmælanleg verði frekar fyrir valinu, hvort heldur sem er í skólanámskrá eða námsmati nemenda. Það gæti valdið því að ákveðinn gerð af markmiðum séu frekar metin en önnur.

Skólanámskrá

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) er búinn að leggja mikla vinnu í skólanámskrá sem er aðgengileg á heimasíðu skólans: <http://www.vma.is>.

Samkvæmt skólanámskrá VMA (Verkmenntaskólinn á Akureyri, 2005) eru sett fram það markmið að VMA sé góður skóli fyrir alla nemendur sem hann sækja. Skólanámskráin inniheldur meðal annars kafla um sýn, stefnu og markmið; stjórnun og starfsfólk; skyldur og þjónustu við nemendur; fjarnám; meistaraskóla og hluta fyrir mismunandi námsbrautir.

Stefna, framtíðarsýn

Í kaflanum um sýn, markmið og stefnu má sjá stefnur skólans í: þróun og starfsmati, starfsmannamálum, áherslum í námi og kennslu, erlendum samskiptum, jafnréttismálum, forvörnum og umhverfismálum.

Stefna skólans er sett fram í nokkrum liðum sem taka á fjölbreytni námsleiða með tilliti til aðstæðna og hæfileika nemenda, námsumhverfi í tengslum við

samfélagið, öfluga umræðu um kennslu og kennsluhætti, gott vinnuumhverfi og miðlun og notkun upplýsinga. Markhópurinn sem höfðað er til er mjög breiður, allt frá afburðanemendum til þeirra sem verr standa. Skólinn tekur við öllum þeim sem geta nýtt sér það nám og aðstæður sem þar eru í boði. Tekið er sérstaklega á því að námsleiðis eigi að vera í takt við þjóðfélagið og þjónusta atvinnulífið. Eins og sjá má á námsframboði VMA er þar eitthvað fyrir flesta. Allt frá hefðbundnum bóknámsbrautum í dagskóla yfir í verknámsbrautir til starfsréttinda, svo sem vélstjórnar, auk kvöldskóla og fjarnáms. Þessi breidd endurspeglast í þeim markmiðum sem skólinn setur í skólanámskrá sinni.

Viðhorf til menntunar

Áherslur VMA í kennslu og námi eru nokkrar og er þá sérstaklega lögð áhersla á upplýsingatækni. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í almennum kennslugreinum, svo sem vettvangsferðir og gagnasöfnun utandyra auk hefðbundnari aðferða eins og fyrirlestra, sýnikennslu og hópavinnu. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna með öðrum, hvort sem notuð er upplýsingatækni eða ekki.

Menntun skal undirbúa nemendur undir lífið jafnt utan skóla sem í frekara námi og tengist sterklega færni nemenda til að vinna sjálfstætt og með öðrum í því umhverfi sem skólinn býður upp á. VMA leggur áherslu á að byggja upp þessa færni í sem breiðustum skilningi.

Vankantar

Í umfjöllun skólanámskrár VMA um nám og kennslu er ekki sérstaklega tekið á því að kennsluhættir eða nám skuli sniðið að einstaklingum heldur eingöngu að það eigi að beyta fjölbreyttum aðferðum við kennslu eftir mismunandi efni. Þó það sé hvergi tekið á því að taka þurfi tillit til nemendanna er það samt eitthvað sem skóli eins og VMA myndi þurfa að huga að. Sérstaklega þar sem verið er að taka inn mjög misleitan nemendahóp, bæði með tilliti til námsgetu og áhugasviðs.

Ekki er tekið á því hver stefna skólans er varðandi innihald náms og þeirrar þekkingar sem á að miðla til nemenda. Það til að mynda er ekki í markmiðum eða sýn skólans að hann eigi að bjóða upp á besta nám sem völ er á. Hvort þarna sé verið að líta sérstaklega fram hjá þessu er óljóst. Það gæti verið að það sé talið ónáuðsynlegt að taka þetta sérstaklega fram ef kennsluhættir eiga að vera góðir.

Sýn VMA virðist vera að höfða til allra þó svo að ekki séu sett nein ákveðin markmið um niðurstöðuna. Útkoman fær í raun minni athygli heldur en ferlið sjálft og sá breiði hópur sem höfða á til. Útkoma eða önnur árangursviðmið virðist ekki vera mjög ofarlega á forgangslista. Sá algengi frasi að vera í fremstu röð virðist ekki koma fyrir í skólanámskránni. Aðeins þegar minnst er á frumkvöðlahlutverk VMA á sviði fjarkennslu kemur slíkt fram. Það virðist vera sem skólinn hafi það ekki sérstaklega að markmiði að skara fram úr á neinu sérstöku sviði heldur gera margt fyrir marga frekar en að einbeita sér að ákveðnum hópum eða ákveðnum námsleiðum.

Hvort þetta sé í raun og veru galli er umdeilanlegt. Það má vera að þarna sé verið að bregðast við umhverfinu sínu og öðrum skólum á sama skólastigi á svæðinu. Það er til marks um ákveðið gildi að ætla sér margt og gera það allt á faglegan og vandaðan hátt. Það eru háleit markmið og greinilegt að VMA hefur sett sér slík. Það vaknar þó spurning um hvernig fjármunum er varið og hvort það náist að fjármagna svo fjölbreytileg markmið með þeim fjárframlögum sem skólinn fær. Það gæti verið betri nýting á fjármunum að verja þeim á færri sviðum og meira í hvert.

Samantekt

Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytisins er talsvert viðamikil skjal þar sem margt kemur fyrir. Það er samt mjög umdeilt hvort að skjal sem þetta ætti að vera gefið út fyrir alla skólakerfið eða hvort skólar eigi að hafa frjálssari hendur með að skilgreina sitt starf og megináherslur sjálfir. Það verður áhugavert að fylgjast með þeirri þróun sem möguleg stytting náms til stúdentsprófs mun hafa á þetta hlutfall milli markmiða sem skólinn setur sér sjálfur og þeirra sem stjórnvöld setja fyrir skólakerfið.

Skólanámskrá VMA er ágætlega útfærð og rúmast innan þess ramma sem settur er í almennahluta námskrár Menntamálaráðuneytisins. Áherslur skólans eru settar fram og af lestri skólanámskrárinnar ætti lesandanum að vera ljóst hvaða áherslur VMA setur sér.

Heimildaskrá

Menntamálaráðuneytið (2004). *Aðalnámskrá framhaldsskóla – almennur hluti*.

Verkmenntaskólinn á Akureyri (2005). *Skólanámskrá*. Sótt 8.11.2005 af:

<http://www.vma.is/page.asp?Id=609>